

Fræðsluþættir frá Geðhjálp

Dagvistaruppeldi

Morgunblaðið mun á næstunni birta nokkra fræðsluþætti frá Föstrufélagi Íslands.

Frá lokum síðari heimstyrjaldarinnar og fram á þennan dag hafa orðið stórfelldari breytingar í íslensku þjóðfélagi en dæmi eru um, á ekki lengra tímabili, frá því land byggðist.

Þessar breytingar hafa ekki síst orðið á fjölskylduformi. Sú fjölskyldugerð er áður var algengust, að saman bjuggu 3 til 4 ættliðir, og vinna fór að mestu leyti fram á heimilinu þar sem hver einstaklingur hafði sínu hlutverki að gegna í framleiðslunni, bæði börn og fullorðnir, er nú að mestu liðin undir lok.

Í þess stað er nú algengasta fjölskylduformið foreldrar og eitt til tvö börn. Framleiðsla á heimilum er hverfandi og um 80% húsmæðra stunda vinnu utan heimilis.

Kemur þar margt til, m.a. aukin menntun, aukid jafnrétti kynjanna og síðast en ekki síst sú staðreynd að til þess að geta uppfyllt þær lífsgæðakröfur sem almennt eru gerðar í dag, nægja ekki ein laun. Til þess að mæta þessari þróun hafa á síðustu tveim áratugum verið gerðar stóráuknar kröfur um byggingu dagvistarheimila fyrir börn. Eins og það er sjálfsagður réttur beggja foreldra að ákveða sjálf hvort þeir stunda vinnu utan heimilis, er það ekki síður réttur barna þeirra að eiga þess kost að dvelja á dagvistarheimilum með vel menntuðu starfsfólki meðan foreldrarir eru við vinnu.

Þó fjöldi dagvistarheimila í Reykjavík hafi nær fimmfaldað á síðustu tveim áratugum, eru því miður enn að mestu leyti forgangshópar, þ.e. einstæðir foreldrar og námsmenn, sem eiga rétt á dagheimilisplássi (heil dagsvistun) fyrir börn sín. Á leikskóla (4–5 stundir á dag) eiga allir jafnan rétt. Þetta þarf að breytast þannig að foreldrar geti sjálfir valið það form dagvistar fyrir börn sín, er þeim hentar best.

Í lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn frá árinu 1976 er kveðið á um að markmið dagvistarheimila sé að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er eflir persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Ennfremur segir í lögnum að forstöðumaður dagvistarheimilis og annað starfslið er annast föstrustörf skuli hafa hlötið föstrumenntun.

Árið 1981 var samþykkt frumvarp til laga, flutningsmaður Guðrún Helgadóttir, um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila, um að gerð verði námskrá á vegum menntamálaráðuneytisins er kveðið á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá er að uppeldis- og skólamálam vinna. Nefnd skipuð af menntamálaráðuneytinu hefur unnið að uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili og mun nú hafa lokið störfum.



„Til þess að ná sem bestum árangri þarf ekki aðeins allt starfsfólkið að taka þátt í gerð áætlunar fyrir heimilið heldur einnig foreldrar og börn, þegar hægt er að koma því við. Þátttaka foreldra í áætlanagerðinni hefir mikið að segja, einkum með það í huga að foreldrar fylgist betur með og átti sig á uppeldisstarfinu á dagvistarheimilinu.“

Skýrsla nefndarinnar verður án efa mikill stuðningur við uppeldisstarfið í framtíðinni.

Hlutverk dagvistarheimila á að vera að búa börnunum, í samvinnu við foreldra, umhverfi, er styður við uppeldi heimilanna.

Keppa verður að því að barnið þroskast sem sjálfstæður einstaklingur, fús til samvinnu og fær um að nota þekkingu sína til hagsbóta fyrir sjálfan sig og aðra.

Dagvistarheimili verða því að veita börnum öryggi, jafnframt því að sjá um að þau hljóti þau tækifæri er örvar þörf þeirra til að kanna umhverfi sitt, auki við reynslu sína og starfsvilja. Miða verður starfið við aldur og þroska hvers einstaklings.

Fyrstu ár barnsins er mikilvægasta þroskarmótunarskeiðið. Því er uppeldis- og dagvistarheimila mjög mikilvægt og vandasamt.

Margar kenningar og uppeldisstefnur síðari ára hafa vakið mikla athygli og haft áhrif á starfshætti dagvistarheimila.

Nauðsynlegt er að föstran vinni markvisst og geri sér grein fyrir

hversvegna hún velur þær starfsaðferðir er hún notar.

Dagskipulag og markmið þurfa að vera ákveðin og inn í þau fléttast ahlíða örvin allra þroskaþátta.

Daglegar venjur s.s. hreinlæti og hreinlætisvenjur, máltíðir, hvíldartimar, aðstoð við að klæða sig úr og í, útivist og frjáls leikur, er mikilvæg undirstaða uppeldis á dagvistarheimilum.

Þessar athafnir gefa mörg tækifæri til örvinar hinna ýmsu þroskaþátta og ekki síst þarna þarf föstran að vera meðvitúð um að hvaða markmiði hún stefnir.

Börnin þurfa að fá tækifæri til að taka þátt í sem flestum framkvæmdum innan dagvistarheimilisins, s.s. innaupum, tilteknum, aðstoð í eldhúsi, viðhaldi á hlutum heimilisins t.d. bókum og spilum o.fl. Með því vikkar sjóneldarhringurinn, samkennid og tillitssemi eykst. Samtöl, frásagnir, lestur og söngur eru einnig stór liður í uppeldisstarfi dagvistarheimila. Auk þess að vera miðill til fræðslu, er það örvin á heilbrigðu

mati barnsins á sjálfu sér og öðrum, örvar málnotkun, eykur orðforða og skilning á hugtökum. Barnið þarf að fá tækifæri til að segja frá eigin reynslu og hugsunum, og læra að hlusta á frásagnir annarra.

Vanda verður val á bókum til lestrar fyrir börnin, þar verða að vera á góðu máli og hæfa þroska hvers aldursþóps.

Söngur og hljóðfærahlátur, hreyfingar eftir hljóðfalli (rytmik) og söngleikir, varðveita og þroska ósjálfráð viðbrögð við tónlist og vekja forvitni á hinum ýmsu tegundum tónlistar og hljóðfæra og efla tónhæyrn.

Leikir, leikföng og spil

Leikurinn er mikilvægur fyrir þroska barnsins, leikurinn stuðlar að því að barnið læri að tengja athafnir sínar stærri félagslegri heild, eflir félagsleg samskipti og örvar imyndunaraf.

Með því að handleika leikföngin fær barnið tilfinningu fyrir eiginleikum hinna ýmsu efna, þyngd

þeirra, litum, föstu og fljótandi efni og magni.

Í imyndunar- og hlutverkaleikjum getur barnið endurlifað hluti sem það hefur upplifað áður í samskiptum sínum við börn og fullorðna, og gefið tilfinningum sínum lausan tauminn. Leikföng verður að velja þannig að þau örvi greind og hugmyndaflug, þau megi nota á ýmsa vegu, séu end-ingargöð og hettulaus. Þó verður að varast að leikheimurinn sé of óraunverulegur, börnin verða að fá að kynnaft af eigin raun þeim athöfnum er þau leika.

Margs konar spil, þar sem 2–6 ára börn geta spilað saman, hafa örvaldi áhrif á hugann, um leið og börnin læra að virða leikreglur, og sætta sig við að tapa á stundum.

Útivist

Á leikvælinum fæst útrás fyrir hreyfiförðina og þjálfun ýmissa hreyfinga. Útivistin hefur uppeldislegt gildi á þann hátt að börnin kynnaft breytilegri veðráttu og árstíðum, breytingum á náttúrunni og breytilegum lífnáðarháttum manna og dýra. Börnum er nauðsyn að kynnaft þeirri veðráttu er við búum við, veður á sem minnst að hamlá útivist, en gera verður útivistina eftirsóknarverða með skipulögðum leikjum og kynnisferðum m.a. um nágrennið.

Kynna þarf börnunum starfsemina í nágrenninu og fá dagvistarheimilið viðurkennt sem eðlilegan þátt í lífi hverfisins. Kynnisferðir utan næsta nágrennis eru einnig nauðsynlegar, börnin verða að fá tækifæri til að kynnaft sem flestum þáttum atvinnulífsins, skoða söfn o.s.frv.

Uppeldisáætlun

Eins og áður sagði hefur verið á vegum menntamálaráðuneytisins unnið áætlun fyrir uppeldisstarfi dagvistarheimilum.

Í henni eru sett fram markmið og leiðir starfsins og gengið út frá þroska og þörfum barnsins.

Þar segir: „Uppeldisáætluninni er ætlað að vera leiðarvísir við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og mynda einkonar umgjörð um starfið eða sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhvert dagvistarheimili gert sínar eigin áætlanir í samræmi við þær þarfir og aðstæður, sem fyrir hendi eru, og rétt um starfsaðferðir, sem vænlegar eru til árangurs.“ Þannig mun áætlunin verða hagnýt hjálp

við hin daglegu störf, gerir þau markvissari, auk þess sem betri samræming ætti að verða milli dagvistarheimila og uppeldisástoða barnanna jöfnuð.

Til þess að ná sem bestum árangri þarf ekki aðeins allt starfsfólkið að taka þátt í gerð áætlunar fyrir heimilið heldur einnig foreldrar og börn, þegar hægt er að koma því við. Þátttaka foreldra í áætlanagerðinni hefir mikið að segja, einkum með það í huga að foreldrar fylgist betur með og átti sig á uppeldisstarfinu á dagvistarheimilinu. Reynsla sú, er starfsmenn hafa af vinnunni með barnahópin og nán þekking foreldra á sínum eigin börnum, á að skapa traustan grundvöll til að byggja á það uppeldisstarf sem bæði foreldrar og starfsfólk vilja að unnið sé, og auðvelda að ná settum markmiðum. Vel menntað starfsfólk og virk þátttaka foreldra í starfinu á dagvistarheimilinu verður að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að vinna markvisst uppeldisstarf.